

L Ö G

64

9. nóv.

um breyting á lögum nr. 53 11. júní 1938, um mat á matjessíld
og skozkverkaðri síld.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað kr. 0.25 í 3. gr. laganna komi: 1.00 — einni krónu.

2. gr.

Aftan við 5. gr. laganna komi nýr málslíður svo hljóðandi: Um kostnað vð frjálst mat á síld fer samkvæmt 3. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 9. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.

L Ö G

65

11. nóv.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að ábyrgjast lán fyrir Bæjarútgerð
Siglufjarðar og h.f. Bjólf á Seyðisfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt gegn þeim tryggingum, er hún metur gildar, og með þeim skilyrðum, er hún kann að setja, að ábyrgjast lán að fjárhæð allt að tvær milljónir og níu hundruð þúsund krónur, sem Bæjarútgerð Siglufjarðar tekur hjá innlendum lánastofnunum. Svo og lán allt að þrjú hundruð og fimmtíu þúsund krónur, sem h.f. Bjólfur á Seyðisfirði tekur með sama hætti.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 11. nóvember 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

21¹